

Þóra Matthíasdóttir

Ógilding samnings um fjárskipti við skilnað

-BA ritgerð til BA prófs í lögfræði -



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Umsjónarkennari: Valborg Þ. Snævarr

Lagadeild Háskóla Íslands

Júní 2010

EFNISYFIRLIT

| | | |
|-------|--|----|
| 1 | Inngangur | 3 |
| 2 | Hjúskaparlög nr. 31/1993..... | 3 |
| 2.1 | Norrænt löggjafarsamstarf | 4 |
| 3 | Fjárskipti vegna skilnaðar | 5 |
| 3.1 | Inngangur | 5 |
| 3.2 | Tímamark | 7 |
| 3.3 | Helmingaskiptareglan og frávik frá henni | 8 |
| 4 | Samningar um fjárskipti..... | 10 |
| 4.1 | Almennt..... | 10 |
| 4.2 | 1. mgr. 95. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993 | 11 |
| 4.2.1 | Formreglur | 12 |
| 5 | Ógildingar- og hliðrunarreglur fjárskiptasamninga. | 12 |
| 5.1 | Ógildingarreglur skv. 2. mgr. 95. gr. hjskl. nr. 31/1993 | 13 |
| 5.2 | Hvað telst bersýnilega ósamngjarnt? | 16 |
| 5.2.1 | Efni samnings | 18 |
| 5.2.2 | Atvik og aðdragandi að samningsgerð | 19 |
| 5.2.3 | Hagir og aðstaða hjóna við samningsgerð | 20 |
| 5.3 | Tengsl við 36. gr. samningalaga nr. 7/1936..... | 22 |
| 5.4 | Réttaráhrif ógildingar | 22 |
| 6 | Niðurstaða..... | 23 |
| | Heimildaskrá | 24 |

1 Inngangur

Eitt af grunnviðhorfum hjúskaparlaga nr. 31/1993 (hér eftir skammstafað hjskl.) er að hjón skuli njóta fjárhagslegs sjálfstæðis. Hvoru um sig er búið verulegt svigrúm til fjárhagslegra umsvifa með því frelsi að ráðstafa eign sinni, húskapareign og séreign, og hin skipta skuldaábyrgð stuðlar mjög að þessu¹. Í 71. gr. hjskl. er að finna reglu sem kveður á um að hjón geti gert samninga sín á milli, með þeim takmörkunum sem lög mæla fyrir um. Samningsfrelsið er hér meginreglan, en ýmsar skorður eru þó reistar við því í settum lögum². Grundvallarregla samningalaga er að samninga skuli halda en víða eru lögfestar ógildingar- og fráviksreglur frá þessari meginreglu. Almennar ógildingarreglur er að finna í III. kafla samingalaga nr. 7/1936 (hér eftir skammstafað sml.), en einnig er að finna í hjskl., sérstakar reglur um ógildi samninga sem hjón hafa gert sín á milli.

Í ritgerðinni verður fjallað með heildstæðum hætti um fjárskiptasamninga sem hjón gera með sér við skilnað, og ógildingar- og hliðrunarreglur sem gilda um slíka samninga, einkum 2. mgr. 95. gr. hjskl. Í öðrum kafla er að nokkru leyti rakin forsaga hjskl. og vikið að umfjöllun um norrænt löggjafarsamstarf. Reglur um fjárskipti vegna skilnaðar eru meginviðfangsefni þriðja kafla en í því samhengi verður vikið að tímamarki fjárskipta og meginreglunni um helmingaskipti. Í fjórða kafla er að finna almenna umfjöllun um fjárskiptasamninga. Í fimmta kafla eru teknar til skoðunar ógildingar- og hliðrunarreglur fjárskiptasamnings, og leitast við að svara því hvað leggja beri til grundvallar, við mat á því hvað sé bersýnilega ósanngjarnt. Einnig verður í stuttu máli vikið að tengslum 2. mgr. 95. gr. hjskl. við 36. gr. sml. og fjallað um réttaráhrif ógildingar. Verður efnið dregið saman í niðurstöðu í sjötta kafla ritgerðarinnar.

2 Hjúskaparlög nr. 31/1993

Hér á landi höfðu allt frá þriðja áratug síðustu aldar gilt mismunandi lög um tvo meginþætti hjúskaparréttarins. Voru það annars vegar lög nr. 39/1921 um stofnun og slit hjúskapar, sem leyst voru af hólmi með lögum nr. 60/1971, og hins vegar lög nr. 20/1923 um réttindi og skyldur hjóna³.

Þann 1. júlí 1993 tóku gildi ný hjúskaparlög nr. 31/1993. Þau leystu af hólmi lög nr. 60/1972 og lög nr. 20/1923, og felldu efni þeirra í einn lagabálk. Frumvarp til þessara nýju laga var samið af sifjalaganefnd og eru lögin í meginráttum í samræmi við efni eldri laga og

¹ Ármann Snævarr: Fyrirlestrar í sifjarétti III, bls. 473.

² Ármann Snævarr: Hjúskapar- og sambúðarréttur, bls. 535.

³ Alþt. 1992-93, A-deild, bls. 2468-2469.

byggja á sömu sjónarmiðum. Einnig voru að nokkru leyti felld í lögin ákvæði, sem höfðu verið lögfest með skiptalögum nr. 20/1991, um opinber skipti vegna fjárlita hjóna. Taldi nefndin eðlilegt að allar reglur varðandi fjárskipti hjóna yrðu í hjúskaparlögum. Þar af leiðandi er að finna ýmis efnislega sambærileg ákvæði í báðum þessum lagabálkum⁴.

Fram kemur í athugasemdum með hjskl. að við mótun reglna um fjármálaskipan í hjúskap hafi verið leitast við að tryggja samstöðu hjóna um velferð fjölskyldunnar. Merki þessa samstöðusjónarmiðs er hægt að sjá í 1. og 2. mgr. 2. gr. laganna. Einnig birtist víða í lögum á sviði sifjaréttar það sjónarmið að hjónaband skuli vera samband tveggja sjálfstæðra einstaklinga sem skuli vera jafnrétt háir í hvívetna. Fram að gildistöku laga nr. 3/1900 fór eiginmaðurinn án undantekninga einn með forræði yfir eignum hjóna.

Enn fremur liggja til grundvallar frumvarpinu í heild niðurstöður í norrænu löggjafarsamstarfi og norræn lög sem hafa verið sett undanfarin ár. Samstaða hefur verið um að hrófla ekki við meginþáttum norrænnar löggjafar um stofnun og slit hjúskapar og um fjármál hjóna. Þó hefur verið brugðist við breyttum viðhorfum í þjóðfélaginu með því að rýmka lagareglur um hjúskap. Hjónavígsluskilyrðum hefur þannig fækkað og meðferð hjónaskilnaðarmála hefur verið einfölduð⁵.

2.1 Norrænt löggjafarsamstarf

Fyrsta norræna löggjafarþingið var haldið í Kaupmannahöfn árið 1872. Þar voru sett fram þau grunnsjónarmið sem enn eru í gildi á sviði sifjaréttar. Það var svo fyrir um einni öld, eða árið 1909, að Danmörk, Svíþjóð og Noregur settu á laggirnar norrænar samvinnunefndir um endurskoðun sifjalöggjafar⁶. Markmið þeirra var að búa hjónum sem mest jafnræði og skapa þeim eins sjálfstæða stöðu og hægt væri. Þó þyrfti að gæta sjónarmiða um fjölskylduna sem heild⁷. Þessi nefnd vann mikið þrekvirki og samdi á stuttum tíma frumvörp til laga á öllum sviðum sifjaréttarins. Þar á meðal voru frumvörp um stofnun og slit hjúskapar og um réttaráhrif hjúskapar. Voru þau síðan lögfest á öllum Norðurlöndunum á árunum 1917-1929. Störf þessarar nefndar hafa því verið eitt stærsta framlag sem um getur til norrænnar löggjafarsamvinnu.

Í kringum 1960 voru því næst settar nefndir á öllum Norðurlöndunum til að vinna að endurskoðun löggjafar um stofnun og slit hjúskapar og um réttaráhrif hjúskapar. Einkum var

⁴ Sigrún Jóhannesdóttir: Fyrirlestrar um fjármálaskipulag í hjúskap, staðfestri samvist og óvígðri sambúð, bls. 15.

⁵ Sigrún Jóhannesdóttir: Fyrirlestrar um fjármálaskipulag í hjúskap, staðfestri samvist og óvígðri sambúð, bls. 16-18.

⁶ Guðrún Erlendsdóttir: „Fjármál hjóna og sambúðarfólks“, bls. 118-119.

⁷ Ármann Snævarr: Fyrirlestrar í Sifjarétti III, bls. 351.

unnið að endurskoðun löggjafar um fjármál hjóna. Var þetta í fyrsta skipti sem Íslendingar tóku fullan þátt í slíkri samvinnu. Má því segja að um sé að ræða stórt skref í íslenskrí réttarsögu. Vinnubrögð höfðu til þessa ávallt verið með þeim hætti að lagafrumvörp voru samin með hliðsjón af norrænum lögum og lagafrumvörpum, án beinnar þátttöku við samningu þeirra⁸.

Þetta norræna samstarf um hjúskaparlöggjöf hefur verið mjög gagnlegt. Eftir miklar umræður urðu samstarfsnefndirnar sammála um að rétt væri að byggja norræna löggjöf um hjúskap á sömu meginstöðum og nú er gert. Markast löggjöfin af jafnrétti aðila í hjúskap, jafnstöðu þeirra og samstöðu sem foreldra að því er varðar forsjá barna og forsjárskyldur og framfærslu. Norrænu löggjafarþingin hafa tekið tillögum samstarfsnefndanna vel og er mikilvægt að samræmi verði í sem mestum mæli⁹.

Fastanefnd dómsmálaráðuneytisins, sífjalaganefnd, hefur samið frumvörp til laga á sviði sífjaréttar á Íslandi frá því að hún var fyrst skipuð árið 1957. Var Ármann Snævarr formaður nefndarinnar til ársins 1999, en Páll Hreinsson tók við formennsku 1. janúar sama ár¹⁰. Var nefnd þessi leyst upp í nóvembermánuði árið 2007 og er hún því ekki lengur starfandi¹¹.

3 Fjárskipti vegna skilnaðar

3.1 Inngangur

Til fjárskipta hjóna getur komið í lifanda lífi við ýmsar aðstæður. Þar á meðal vegna ógildingar hjúskapar skv. 30. gr. hjskl., vegna fjárskipta án hjúskaparloka skv. 91. gr. hjskl. og vegna skilnaðar. Skv. 2. mgr. 96. gr. hjskl. eiga efnisreglur hjskl. um skipti einnig við um skipti vegna andláts maka nema annað leiði af einstökum ákvæðum¹².

Reglur um fjárskipti vegna hjúskaparslita er að finna í XIV. kafla hjskl. Í 1. mgr. 95. gr. laganna kemur fram að hjón geti ráðið fjárskiptum sín á milli til lykta með samningi. Takist samkomulag ekki milli þeirra um skiptin, getur annað þeirra eða þau bæði krafist opinberra skipta til fjárslita milli þeirra, sbr. 6. gr hjskl. Séu þau hins vegar eignalaus ber þeim að gefa sérstaka yfirlýsingu þar um fyrir sýslumanni eða dómara, sbr. 3. másl. 1. mgr. 95. gr. hjskl. Í raun er hér um að ræða tvo valkosti. Annars vegar að semja um fjárskiptin eða hins vegar fá opinber skipti. Verður reglum og sjónarmiðum um opinber skipti ekki gerð frekari skil heldur

⁸ Ármann Snævarr: „Um fjármál hjóna“, bls. 123–124.

⁹ Alþt. 1992-93, A-deild, bls. 2470-2471.

¹⁰ Ármann Snævarr: Hjúskapar- og sambúðarréttur bls. 103.

¹¹ Valborg Þ. Snævarr.

¹² Sigrún Jóhannesdóttir: Fyrirlestrar um fjármálaskipulag í hjúskap, staðfestri samvist og óvígðri sambúð, bls.120.

einblínt á samninga um fjárskipti og ógildingu þeirra.

Fjárskiptareglur hjúskaparlaganna eru í meginatriðum tvenns konar. Annars vegar efnisreglur sem kveða á um hverju skuli skipta og hvernig, og hins vegar formreglur sem fjalla meðal annars um hverjir fari með skiptin, kröfugerð o.s.frv. Efnisreglur, líkt og er að finna í t.d. 103. gr. og 104. gr. hjskl., eru heimildarreglur og því aðallega notaðar til viðmiðunar við opinber skipti. Þær eru ekki ófrávíkjanlegar og er í framkvæmd vikið frá þeim í ríkum mæli þegar samið er um skipti¹³.

Fram kemur í 99. gr. hjskl. að skiptin taki til heildareigna hvors hjóna nema samningar um séreignir, reglur um lögmehtar séreignir eða fyrirmæli gefanda eða arfleiddanda leiði til annars. Skv. 2. másl. 99. gr. getur séreign komið til skipta að svo miklu leyti sem þörf er á til að fullnægja endurgjaldskröfum, sbr. 3. mgr. 107. gr. Er hér um að ræða sérreglu hjúskaparлага og gengur hún því framur almennum ákvæðum skiptalaga, ef tekið er mið af almennum lögskýringarreglum¹⁴. Næst þarf að afmarka skuldir hvors maka fyrir sig. Að því loknu eru þær dregnar frá eignum maka og kemur þá skír eign hvors þeirra til skipta. Fjárskipti eru því í raun allsherjaruppgjör á eignum og skuldum hjóna.

Fjárskipti eru aðeins eitt atriði af mörgum sem ráða þarf til lykta komi til skilnaðar. Telur lögjafinn farsælast að hjón skipi málum sínum varðandi fjárskipti með samningum. Ber þó að gæta þess að við skilnað getur tilfinningaspenna magnast og heift eða óvild skotið upp kollinum. Getur þar af leiðandi verið hætt á að annað hjóna komi halloka út úr samningunum af ýmsum sökum. Sem dæmi má nefna vankunnáttu um réttarreglur, skort á liðsinni, eða að annað hjóna standi almennt veikara að vígi. Er því nauðsynlegt að til séu lögfestar reglur um að gildi samninga sé háð staðfestingu sýslumanns eða dómara, sbr. 43. gr. hjskl. um skilnaðarkjör og 95. gr. sömu laga um fjárskiptasamninga¹⁵.

Skilyrði fyrir því að skilnaður sé veittur, er að annað hvort skuli vera samkomulag milli hjóna um fjárskipti eða að hafin séu opinber skipti vegna fjárslita, sbr. 1. mgr. 44. gr. hjskl. Ber ákvæðið þó með sér að ekki sé þess afdráttarlaust krafist, að fjárskiptum sé lokið sem forsendu fyrir skilnaði¹⁶. Langalgengast er að hjón semji um fjárskipti sín eins og áður hefur komið fram, og opinber skipti þurfi því ekki að koma til. Getur hins vegar komið upp ágreiningur um það síðar, hvort hægt sé að krefjast opinberra skipta á búi, með því að einkaskiptum sé lokið. Komið hafa upp tilvik þar sem vakað hefur fyrir maka að hnekkja

¹³ Sigrún Jóhannesdóttir: Fyrirlestrar um fjármálaskipulag í hjúskap, staðfestri samvist og óvígðri sambúð, bls.120-121.

¹⁴ Sigrún Jóhannesdóttir: Fyrirlestrar um fjármálaskipulag í hjúskap, staðfestri samvist og óvígðri sambúð, bls. 121-122.

¹⁵ Ármann Snævarr: Hjúskapar -og sambúðarréttur bls. 623.

¹⁶ Ármann Snævarr: Hjúskapar- og sambúðarréttur, bls. 758-759.

samkomulagi á grundvelli þessarar forsendu. Dómafordæmi gefa hins vegar vísbendingu um að skiptameðferð sé lokið við undirritun skilnaðarsamnings fyrir sýslumanni¹⁷.

Í *Hrd. 1980, bls. 1451* voru málsatvik þau, að M og K höfðu fengið leyfi til skilnaðar að borði og sæng við embætti sýslumannsins í Árnassýslu. Bókað var í hjónaskilnaðarbók Árnassýslu samkomulag um eignaskipti 29. júní 1977. Er lögskilnaðarumleitan K var tekin fyrir þann 28. mars 1979 tók hún fram að til að koma í veg fyrir misskilning, hefði hún ekki hugsað sér að falla á neinn hátt frá helmingaskiptareglu eigna þeirra hjóna við skilnaðinn. K hélt því fram að samkomulag hefði ekki tekist um skipti bús þeirra þann 29. júní 1977. M hélt því hins vegar fram að samkomulag hefði orðið um skiptin og skiptum væri þar með lokið. Í skiptarétti Árnassýslu, sem staðfestur var í Hæstarétti með vísan til forsendna, segir:

„Ekki verður annað séð en sóknaraðili sjálf hafi litið svo á, að um samkomulag væri að ræða, sbr. bókun hjónaskilnaðarmálsins frá 21. febrúar 1979. Yfirvaldi ber að koma á samkomulagi um skilnaðarkjör við skilnað milli hjóna, sbr. 45. gr. laga nr. 60 29. maí 1972. Slíkt virðist þarflaust, þegar hjón eru sammála. Aðiljar þessa máls hafa bæði staðfest samkomulag það, sem hér er deilt um, með nafnundirritun sinni í hjónaskilnaðarbók Árnassýslu 29. júní 1977... Af því, sem að framan hefur verið rakið, verður talið, að samkomulag hafi tekist um skilnaðarskilmála“.

3.2 Tímamark

Eignir og skuldir sem verða andlag fjárskiptanna þarf að miða við ákveðið tímamark. Þarf að leysa úr því, við hvaða tímamark skuli miða um eignir og skuldir, sem koma skulu til skiptanna. Áður fyrr ríkti hér sú regla að miða tímamarkið við skiptalok eins og tilhneiging er til að gera í danskri lagaframkvæmd. Ystu mörkin eru að miða við samvistarlit eins og 60. gr. norsku hjúskaparlaganna leiðir til, en meginreglan þar er þó að miða við það tímamark er krafa um skilnað er sett fram. Ekki er alltaf ljóst hvenær upphaf samvistarlita er og fjárlag hjóna rofnar ekki lagalega við samvistarlit. Er því í 101. gr. hjskl. og 104. gr. skiptalaganna nr. 20/1991, farinn ágætis millivegur. Er þar miðað við fyrstu afskipti sýslumanns af umsókn um skilnað, við höfðun dómsmáls, eða þegar héraðsdómari tekur fyrst fyrir kröfu um opinber fjárskipti milli hjóna skv. XIII. kafla hjskl. Um þetta tímamark skorti skýr ákvæði áður¹⁸. Fram kemur í 1. mgr. 101. gr. hjskl. að eignir, sem maki hafi aflað sér eftir áðurgreint tímamark, og tekjur og arður af þeim, komi ekki undir skiptin. Skuldir sem maki hafi aflað sér eftir tímamarkið komi heldur ekki til greina við skiptin.

Í eldri hjúskaparlögum voru skipti miðuð við það tímamark er leyfisbréf til skilnaðar var gefið út. Sú skipan var ekki heppileg þar sem maki gat á þeim tíma, frá því að mál var fyrst

¹⁷ Ármann Snævarr: Hjúskapar- og sambúðarréttur, bls. 759.

¹⁸ Ármann Snævarr: Hjúskapar- og sambúðarréttur, bls. 765-766.

tekið fyrir og þar til leyfi til skilnaðar var gefið út, komið undan eignum og stofnað til fjárskuldbindinga sem ollu tjóni fyrir hinn makann¹⁹.

Vissulega geta hjón sammælst um annað tímamark en greinir í 101. gr. hjskl. og miðað t.d. við fyrsta skiptafund. Þá ber sá sönnunarbyrðina er byggir á samkomulaginu ef hinn aðilinn neitar að samkomulag sé til staðar²⁰.

Mikilvægt er einnig að árétta að tímamark 101. gr. hjskl. á ekki við þegar reynir á ógildingu skilnaðarsamnings á grundvelli 2. mgr. 95. gr. hjskl. Þar er miðað við það tímamark er endanlega var gengið frá samningi um fjárskiptin²¹.

3.3 Helmingaskiptareglan og frávik frá henni

Helmingaskiptareglan er grundvallarregla í fjármálaskipulagi hjóna. Hún á sér aldahefð í norrænum rétti og er reist á því megin sjónarmiði, að vegna félagslegrar og fjárhagslegrar samstöðu hjóna, sé eðlilegt að þau fái hvort um sig helmingshlutdeild í hjúskapareignum hins²².

Heimildir um regluna er að finna í 103. gr. hjskl., þar sem fram kemur að hvor maki um sig eða dánarbú hans eigi tilkall til helmings úr skírri hjúskapareign hins nema annað leiði af ákvæðum laga. Reglan á því aðeins við um hjúskapareign og leiðir af því að séreignarfé vegna kaupmála eða annarra laga kemur ekki til skipta við hjúskaparslit nema í undantekningartilvikum, sbr. 2. málsl. 99. gr. hjskl. Þó svo að hjúskapareign annars sé neikvæð, á sá maki samt sem áður tilkall til helmings hlutdeildar í skírri hjúskapareign hins.

Reglan um helmingaskipti er dæmi um efnisreglu og að baki henni liggja rík sanngirnissjónarmið. Í upphafi var henni fyrst og fremst ætlað að verja hagsmuni maka sem hvorki gat aflað tekna né eigna. Hugmyndin að baki reglunni var að skapa heimavinnandi maka hlutdeild í eignum búsinns við skilnað²³. Sé annar maki heimavinnandi, á hann oft torvelt með að afla tekna og hjá honum verður eignmyndun sjaldan mikil, þótt framlag hans til framfærslunnar megi meta mjög verðmætt. Heimavinnandi maki fær ekki greidd laun fyrir vinnu sína og eru því röksemdir fyrir því að hann fái hlutdeild í eignum maka síns við hjúskaparlok²⁴. Vissulega styðst reglan við veigamikil félagsleg rök, en hún getur þó í

¹⁹ Sigrún Jóhannesdóttir: Fyrirlestrar um fjármálaskipulag í hjúskap, staðfestri samvist og óvígðri sambúð, bls. 124.

²⁰ Ármann Snævarr: Hjúskapar- og sambúðarréttur, bls. 767.

²¹ Sigrún Jóhannesdóttir: Fyrirlestrar um fjármálaskipulag í hjúskap, staðfestri samvist og óvígðri sambúð, bls. 124-125.

²² Ármann Snævarr: Fjárskipti vegna skilnaðar, bls. 9.

²³ Sigrún Jóhannesdóttir: Fyrirlestrar um fjármálaskipulag í hjúskap, staðfestri samvist og óvígðri sambúð, bls. 134.

²⁴ Ármann Snævarr: Hjúskapar- og sambúðarréttur, bls. 802.

einstökum tilfellum leitt til vafasamra málaloka²⁵. Þegar hjúskapur er skammur stofnast sjaldnast til þeirrar fjárhagslegu og félagslegu samstöðu sem reglan er reist á. Brestur því rökrænan grundvöll fyrir helmingaskiptum. Frávíksreglur hafa því verið lögfestar í norrænum lögum frá því upp úr 1970 og hafa þær verið rýmkaðar töluvert á síðustu áratugum²⁶.

Reglan um helmingaskipti er heimildarregla og kemur hún því fyrst og fremst til viðmiðunar við opinber skipti. Hjónum er því frjálst að semja sig frá skiptareglum hjskl. Í 110. gr. hjskl. er lögfest heimild maka til að gefa eftir af tilkalli sínu til eigna, ef ekki er ástæða til að óttast að hann geti ekki fullnægt fjárskuldbindingum sínum.

Aðstæður geta verið á þann veg að helmingaskiptareglan leiði til ósanngjarnrar niðurstöðu. Við því hefur verið brugðist með svokölluðum skáskiptareglum sem heimila frávík frá helmingaskiptareglunni. Í 104. gr. hjskl. kemur fram að víkja megi frá reglum um helmingaskipti og ákvæðum um skipti á séreign, ef skipti yrðu að öðrum kosti bersýnilega ósanngjörn fyrir annað hjóna. Kemur fram að taka verði tillit til fjárhags hjóna og lengdar hjúskapar, hve miklar eignir hvort um sig hafi flutt í búið og hvort annar makinn hafi með vinnu stuðlað verulega að aukningu á fjáreign sem falla myndi í hlut hins eða hefur átt hlut í að bæta fjáreign hans að öðru leyti. Varðandi fyrsta atriðið, um að taka skuli tillit til lengdar hjúskapar, er þeim minna tilefni til að byggja á helmingaskiptareglunni hafi hjúskapur verið skammur. Annað hjóna gæti einnig hafa gengið í hjúskap með það að markmiði að komast yfir eignir hins með skjótum skilnaði²⁷. Þegar talað er um hjúskaparstofnun í ákvæðinu, má til skýringar benda á að í eldri lögum var það skýrt sem svo að um væri að ræða eignir sem til voru við hjúskaparstofnun en ekki stofnun ógvíðrar sambúðar²⁸.

Í 3. mgr. 104. gr. hjskl. er að finna nýmæli og kemur þar fram að skáskiptareglum sé einnig hægt að beita til hagsbóta fyrir erfingja maka ef hagir þeirra mæli sérstaklega með því. Í athugasemdum með þessu ákvæði í frumvarpi að hjskl. kemur fram að ýmsir hafi talið eðlilegt að gjafafé félli alltaf utan skipta. Sifjalaganefndinni þótti hins vegar ekki rétt að ganga svo langt, heldur væri heppilegra að láta sanngirmissjónarmið ráða í hverju tilviki fyrir sig. Skáskiptareglur hjúskaparlaganna ber að skýra þröngt þar sem um undantekningarreglur er að ræða²⁹. Komi eigi fram krafa skv. 104. gr. við opinber skipti verður helmingaskiptareglunni

²⁵ Ármann Snævarr: Fyrirlestrar í sífjarétti III, bls. 354.

²⁶ Ármann Snævarr: Hjúskapar- og sambúðarréttur bls 803.

²⁷ Sigrún Jóhannesdóttir: Fyrirlestrar um fjármálaskipulag í hjúskap, staðfestri samvist og óvígðri sambúð, bls. 138.

²⁸ Sigrún Jóhannesdóttir: Fyrirlestrar um fjármálaskipulag í hjúskap, staðfestri samvist og óvígðri sambúð, bls. 140.

²⁹ Sigrún Jóhannesdóttir: Fyrirlestrar um fjármálaskipulag í hjúskap, staðfestri samvist og óvígðri sambúð, bls. 137-138.

hins vegar beitt³⁰.

Eins og greinir að framan taka fjárskiptin til hjúskapareigna. Í ljós getur komið að hjúskapareign maka hafi tekið óeðlilegum stakkaskiptum er til skipta kemur. Hún hafi t.d. annað hvort rýrnað, eða maki notað fé úr hjúskapareign til að auka verðgildi séreignar sinnar eða annarra réttinda sem ekki koma undir skiptin. Skiptagrundvöllurinn hefur þá skekkst, og eru reglur um endurgjaldskröfur skv. 107. gr. hjskl., úrræði til að fá réttan lagagrunn undir skiptin að kröfu maka og teljast því ekki til frávika frá helmingaskiptareglu. Réttara væri að segja, að kröfur skv. þessari grein séu helmingaskiptareglunni til styrktar og fyllingar³¹.

4 Samningar um fjárskipti

4.1 Almenn

Eins og fram hefur komið er í 6. gr. hjskl. að finna reglu sem heimilar hjónum að semja um fjárskipti sín vegna skilnaðar. Um slíka samninga eru ákvæði í XIV. kafla. hjskl., einkum 95. gr. Í langflestum tilvikum er skiptum ráðið til lykta með þessum hætti og vissulega er það besti kosturinn, þ.e. að hjón verði samhuga um skiptin³².

Almennar reglur um gerð samninga í einkarétti gilda að mörgu leyti um þessa tegund samninga. Til dæmis reglur um að viljayfirlýsing feli í sér fullnaðarákvörðun, um aðdraganda að því að kominn sé á samningur, og reglur um hæfi. Um þessa tegund samninga reynir þó á sérstæð lagasjónarmið³³. Vegna hagsmunalegrar samstöðu hjóna og hins nána persónulega sambands, horfa samningar um fjárskipti öðruvísi við en samningar milli annarra manna. Sérkenni samninga innan sifjaréttar er að þeim er oft ætlað að standa um ótilgreindan tíma og erfitt getur reynst að fá fulla yfirsýn yfir innihald þeirra. Ekki er alltaf hægt að tímabinda gildi samnings fyrirfram og verður því að gæta varúðar við að viðurkenna samninga er lúta að aðstæðum og málefnum sem ekki er hægt að sjá fyrir³⁴.

Til grundvallar samnings liggja upplýsingar og gögn um eignir og skuldir hvors hjóna. Ekki er að finna fyrirmæli um hvers efnis samningur skuli vera, en ljóst er að honum er ætlað að geyma ákvæði um skiptingu eigna og greiðslu á fjárhæðum. Helmingaskiptareglan, sem kveðið er á um í 103. gr., hlýtur að vera höfð að leiðarljósi þó svo að öðruvísi geti samist, sbr. fyrrgreinda umfjöllun um skáskiptareglur. Varðandi verðmæti sem maki getur krafist að falli ekki undir skiptin þykir rétt að hafa hliðsjón af 102. gr. hjskl. Gildir ákvæði þetta þó ekki ef

³⁰ Ármann Snævarr: Hjúskapar- og sambúðarréttur, bls. 807.

³¹ Ármann Snævarr: Hjúskapar- og sambúðarréttur, bls. 789.

³² Ármann Snævarr: Hjúskapar- og sambúðarréttur, bls. 838.

³³ Ármann Snævarr: Hjúskapar- og sambúðarréttur, bls. 834.

³⁴ Ármann Snævarr: Fyrirlestrar í sifjarétti III, bls. 476.

samið er um annað³⁵.

Með samningi er stefnt að allsherjaruppgjöri á efnahag hjóna hvors um sig. Fjárskiptasamningur verður að vera sem ýtarlegastur, og verður hann að taka til allra meginþátta fjármálanna svo að ekki sé hægt að krefjast opinberra skipta síðar á grundvelli þess að skiptum hafi ekki verið lokið³⁶. Samningur verður að vera svo skýr að honum sé hægt að fullnægja. Er það almenn regla í sifjarétti að ekki sé hægt að gera gildan samning um ófyrirsjáanleg atriði. Hafi samningar verið gerðir fyrir hjónaband, eða á meðan á hjónabandi stóð, eru þeir einnig ógildir. Við skilnað gildir meginreglan um samningsfrelsi, sbr. þó 110. gr. hjskl. Skilyrði fyrir því að ákvæði þessu sé beitt er að ekki sé hætt á að sá maki sem gefur hinum eftir hlut sinn geti ekki fullnægt fjárskuldbindingum sínum sem á honum hvíldu þá. Reglur hjúskaparréttarins gilda aðeins ef aðilar semja ekki á annan veg³⁷.

Samningur hjóna varðar oft aðra en aðila sjálfa, svo sem skuldheimtumenn og aðra viðsemjendur. Fjárskiptasamningur skuldbindur aðeins aðila samningsins, hjónin sjálf, en ekki skuldheimtumenn þeirra. Geta skuldheimtumenn því áfram haldið sér að því hjóna sem var skuldari í upphafi³⁸.

4.2 1. mgr. 95. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993

Í greininni er að finna upplýsingar um gerð, form og staðfestingu fjárskiptasamninga. Greinin hljóðar svo:

Hjón geta ráðið fjárskiptum sínum vegna skilnaðar til lykta með samningi. Fjárskiptasamningur skal vera skriflegur og undirritaður af hjónum eða umboðsmönnum þeirra. Samning þennan skal staðfesta fyrir sýslumanni eða dómara. Nú eru hjón eignalaus og skal þá yfirlýsing þeirra þar að lútandi staðfest af þeim eða umboðsmönnum þeirra fyrir sýslumanni eða dómara eftir því hvar skilnaðarmálið er til meðferðar.

Greinin er að nokkru sambærileg við 54. gr. laga nr. 60/1972. Hér er það hins vegar nýmæli að lögfest sé að slíkur samningur skuli vera skriflegur og undirritaður af hjónum eða umboðsmönnum þeirra. Skal enn fremur staðfesta samninginn fyrir sýslumanni eða dómara þar sem skiptamál er til meðferðar³⁹.

Eins og að framan er rakið er ákvæði þessu beitt í framkvæmd í yfirgnæfandi meirihluta tilfella og er þá yfirleitt miðað við helmingaskipti. Er að mörgu leyti æskilegt að samkomulag náist þar sem opinber skipti geta orðið kostnaðarsöm, bæði vegna skiptakostnaðar og þóknunar til lögmanna, en algengt er nú orðið að hjón njóti liðsinnis lögmanna við fjárskiptin.

³⁵ Ármann Snævarr: Hjúskapar- og sambúðarréttur, bls. 839.

³⁶ Ármann Snævarr: Hjúskapar og sambúðarréttur, bls. 840.

³⁷ Lára V. Júlíusdóttir: Hjúskapur, bls. 66-67.

³⁸ Ármann Snævarr: Hjúskapar- og sambúðarréttur, bls. 842.

³⁹ Alþt. 1992-93, A-deild, bls. 2529.

Líklegra er að sátt ríki um niðurstöðu samnings en um niðurstöðu opinberra skipta⁴⁰.

4.2.1 Formreglur

Formkrafa 1. mgr. 95. gr. hjskl. stuðlar að því að samningur skuli vera skriflegur og undirritaður af hjónum eða umboðsmönnum þeirra. Staðfesting samnings krefst í raun skriflegs gagns. Krafa þessi um að samningur sé skriflegur er afdráttarlaus og dugir því ekki munnlegt samkomulag. Eins ætti sýslumaður að hafna staðfestingu samnings sé hann ritaður með blýanti, þar sem auðvelt væri að afmá og breyta því sem kæmi fram.

Undirritun samningsins er hluti af formreglum. Sé ætlunin að umboðsmaður undirriti samning fyrir hönd aðila, þarf hann til þess sérstakt umboð og ber að ganga eftir skýlausri heimild þar um⁴¹.

Vegna þess hve sambandið er persónulegt getur verið erfitt að treysta fólki til að virða þá samninga sem gerðir eru. Til þess að stuðla að því að fjársamningar væru virtir, var sett ákvæði í 43. gr. hjskl. um staðfestingu samkomulagsins fyrir sýslumanni eða dómara⁴². Felst í því að hjón skuli undirrita samning í viðurvist áðurgreindra embættismanna eða kannast við undirritun skjalsins. Afdráttarlaus gildiskrafa samnings er að staðfesting fari fram⁴³.

Í greinargerð með hjúskaparlögunum nr. 31/1993 segir í athugasemdum við 43. gr. að umleitun um skilnaðarkjör fyrir sýslumanni eða dómara gegni verulegu hlutverki. Í fyrsta lagi því að reyna að koma á samkomulagi milli hjóna um skilnaðarkjör þar sem það er ekki fyrir hendi, en einnig að sannreyna að raunverulegt samkomulag sé milli hjóna um skilnaðarkjör og til að athuga hvort á ósanngjarnan hátt sé hallað á annað hjóna með slíku samkomulagi, eða a.m.k. vekja athygli á því ef svo sé⁴⁴.

5 Ógildingar- og hliðrunarreglur fjárskiptasamninga.

Á tvennt er að líta við ógildingarreglur þessara samninga. Annars vegar kemur til skoðunar hvort reglur um ógildingu og hliðrun almennra fjármunasamninga eigi hér við, og að hvaða marki. Hins vegar kemur til greina sérstök regla, 2. mgr. 95. gr. hjskl. um ógildingu og hliðrun fjárskiptasamninga, sem einskorðuð er við sifjarétt⁴⁵.

Eins og að framan er rakið í kafla 4.1. eru ýmis sérstæð sjónarmið sem koma til greina um

⁴⁰ Sigrún Jóhannesdóttir: Fyrirlestrar um fjármálaskipulag í hjúskap, staðfestri samvist og óvígðri sambúð, bls. 152-153.

⁴¹ Ármann Snævarr: Hjúskapar- og sambúðarréttur, bls. 835-836.

⁴² Lára V. Júlíusdóttir: Hjúskapur, bls. 67.

⁴³ Ármann Snævarr: Hjúskapar- og sambúðarréttur, bls. 837.

⁴⁴ Alþt. 1992-93, A-deild, bls. 2506.

⁴⁵ Ármann Snævarr: Hjúskapar- og sambúðarréttur, bls. 545.

samninga á vettvangi sifjaréttar og lögð er áhersla á margbreytni þeirra. Í 40. gr. sml. kemur fram, að þau lög gildi ekki um löggerninga er lúti að málefnum sem m.a. reglur sifjaréttarins gilda um. Getur ákvæði þetta ekki gilt hér fullum fetum. Með III. kafla sml. er í ríkum mæli verið að vernda grandleysi viðsemjanda, en við samninga milli hjóna skiptir tillitið til viðskiptalegra sjónarmiða ekki miklu máli og yfirleitt eru ekki rök til þess að grandleysi hafi mikið gildi í því sambandi. Ógildingarreglur sml. geta vissulega valdið ógildingu samnings á sviði sifjaréttar eins og t.d. nauðung, svik, viljaskortur og misneyting. Fyrirvarinn um grandleysi, sem fölginn er í flestum þessara ákvæða, á ekki við um samninga sifjaréttar og annmarki þarf ekki að vera eins mikill til þess að hann ráði ógildingu á sviði sifjaréttar eins og innan fjármunaréttarins. Óskráðar reglur fjármunaréttarins um ógildingu samninga geta einnig komið til greina, svo sem reglan um rangar og brostnar forsendur og reglan um ógildi löggernings sem andstæður er lögum og velsæmi.

Af 2. mgr. 95. gr. hjskl. má ráða að almennar ógildingarreglur fjármunaréttarins geti átt við þá samninga sem þar greinir. Hefur Hæstiréttur tekið til greina málsástæður, sem reistar hafa verið á þessum reglum og hafa þær sætt efnislegri úrlausn⁴⁶.

5.1 Ógildingarreglur skv. 2. mgr. 95. gr. hjskl. nr. 31/1993

Regla 2. mgr. 95. gr. hjskl. felur í sér frávík frá meginreglu samningaréttarins um að samninga beri að halda og athuga ber sérstaklega að um er að ræða sérreglu hjúskaparlaganna um ógildingu skilnaðarsamnings. Í greininni segir:

Nú hafa hjón vegna væntanlegs skilnaðar að borði og sæng eða lögskilnaðar gert samning um fjárskipti sín og er þá unnt að fella hann úr gildi að nokkru eða öllu með dómi ef hann var bersýnilega ósanngjarn á þeim tíma er til hans var stofnað. Dómsmál skal höfða innan árs frá fullnaðardómi til skilnaðar eða frá útgáfu leyfisbréfs til skilnaðar. Tímafrestrir þessir eiga þó ekki við ef freistað er að hnekkja samningi með stoð í reglum um fjármunaréttarsamninga.

Til að hægt sé að beita þessu ákvæði þurfa tvö skilyrði að vera uppfyllt. Samningur verður annars vegar að hafa verið bersýnilega ósanngjarn þegar til hans var stofnað og hins vegar má tímafrestur skv. ákvæðinu ekki vera liðinn.

Kemur fram í athugasemdum við 95. gr. í frumvarpi er varð að hjúskaparlögum nr. 31/1993, að tekin sé upp samskonar regla og var í 54. gr. eldri laga nr. 60/1972, um að unnt sé að ógilda samning ef hann hefur verið bersýnilega ósanngjarn á þeim tíma er hann var gerður. Í 2. mgr. 95. gr. er því hins vegar bætt við að unnt sé að ógilda hann að öllu eða nokkru. Í athugasemdunum kemur jafnframt fram að skorður séu reistar við því hvenær mál út af

⁴⁶ Ármann Snævarr: Hjúskapar- og sambúðarréttur bls. 547-549.

ógildingu verði höfðað. Réttmætt þyki að stuðla að því að hafist sé fljótlega handa um málarekstur vegna ógildingar samnings. Varhugavert þyki þó að hafa of þröngan frest ef málssókn sé reist á almennum reglum fjármunaréttar um ógildingu samnings⁴⁷.

Þau tilvik þar sem spurning getur vaknað um hvaða tímamark skuli miða við, eru helst þar sem fyrst er gefið út leyfi til skilnaðar að borði og sæng og lögskilnaðarleyfi gefið út síðar. Má hafa hliðsjón af 43. gr. hjskl við túlkun 2. mgr. 95. gr., en skv. henni skal leitast við að koma á samkomulagi milli hjóna áður en skilnaður að borði og sæng eða lögskilnaður er veittur. Hefur Hæstiréttur túlkað þetta sem svo að með þessu sé átt við eitt ár frá útgáfu leyfis til skilnaðar að borði og sæng, hafi hann gengið á undan lögskilnaði⁴⁸. Málshöfðunarfresturinn á aðeins við ef krafa um ógildingu er byggð á 2. mgr. 95. gr. hjskl., en ekki ef hún er byggð á öðrum skráðum eða óskráðum reglum um ógildingu samninga, eins og t.d. ákvæði sml., og gildir þá enginn tímafrestur. Algengt er að byggja kröfu um ógildingu fjársamnings bæði á ákvæðum hjúskaparlaga og ógildingarákvæðum samningalaga þegar mál er höfðað. Getur það dregið úr áhrifum málshöfðunarfrests hjskl. þar sem 36. gr. sml veitir í raun víðtækari ógildingarheimildir en 2. mgr. 95 gr. hjskl.⁴⁹

Í *Hrd. 2006, bls. 5339 (316/2006)*, voru málsatvik þau að M og K gengu í hjúskap 7. maí 1988, til samvistarslita kom 29. nóvember 1998 og gerðu aðilar með sér samning um skilnaðarkjör 16. desember 1998. Í skilnaðarsamningi aðila var tekið fram að K sætti sig við að skipting eigna væri ekki í samræmi við helmingaskiptareglu hjúskaparlaga. Þann 18. maí 2005 höfðaði K mál á hendur M og krafðist þess síðan að skilnaðarsamningurinn yrði ógiltur þar sem hann væri bersýnilega ósanngjarn í skilningi 95. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993 og 31. og 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa. Í niðurstöðu héraðsdóms, sem staðfest var í Hæstarétti segir:

Málaáðilar undirrituðu samning sinn um skilnaðarkjör þann 16. desember 1998 og sama dag gaf sýslumaðurinn í Keflavík út leyfi til skilnaðar að borði og sæng. Þann dag byrjaði því eins árs frestur til höfðunar máls samkvæmt 2. mgr. 95. gr. laga nr. 31/1993 að líða og var fresturinn því löngu liðinn er stefnandi höfðaði mál þetta. Kemur því ekki til álita að byggja kröfur stefnanda á 2. mgr. 95. gr. hjúskaparlaga.

Stefnandi byggði kröfu sína bæði á ógildingarákvæði hjskl. og almennum ógildingarreglum fjármunasamninga. Þótt samningur hafi verið staðfestur með útgáfu lögskilnaðarleyfis 11. júní 2004 og því ekki liðið eitt ár frá lögskilnaði, hefur í framkvæmd verið miðað við eitt ár frá leyfi til skilnaðar að borði og sæng, hafi hann gengið á undan lögskilnaði eins og áður hefur komið fram. Dómurinn féllst hins vegar ekki heldur á ógildingu

⁴⁷ Alþt. 1992-93, A-deild, bls. 2529.

⁴⁸ Lára V. Júlíusdóttir: Hjúskapur, bls. 74-75.

⁴⁹ Lára V. Júlíusdóttir: Hjúskapur, bls. 75.

samningsins á grundvelli tilvitnaðra ákvæða sml., þar sem K hafði ekki tekist að færa sönnur á að skilyrði 31. gr. né 36. gr. sml. væru fyrir hendi. Hefði henni hins vegar tekist að færa sönnur á að skilyrði fyrir ógildingu væru fyrir hendi á grundvelli ákvæða sml., hefði væntanlega verið hægt að ógilda samninginn þrátt fyrir að tímafrestur skv. hjskl. væri liðinn.

Ógildingarregla 2. mgr. 95. gr. tekur aðeins til samninga um fjárskipti, en ekki til samninga um framfærslu sem hjón hafa gert með sér, eða samninga um forsjá eða umgengni. Regla eldri laga náði hins vegar bæði til ógildingar á samningi um fjárskipti og einnig til framfærslu hjóna. Gildir nú sérregla í 52. gr. hjskl um breytingu á samningi um framfærslueyri. Þegar heimildir til ógildingar á samningi eru túlkaðar, ber eins og ávallt við túlkun á ógildingarheimildum samninga, að taka tillit til meginreglu samningaréttarins sem kveður á um að samninga skuli halda. Eru heimildir til ógildingar ávallt undantekningar og ber því að túlka þær þröngt⁵⁰.

Samkvæmt 2. mgr. 95. gr. hjskl., verður samningur að hafa verið bersýnilega ósanngjarn á þeim tíma þegar til hans var stofnað og ekki er litið til breyttra aðstæðna eftir samningsgerð. Þó getur komið upp sú staða að síðar komi í ljós að samningur hafi verið ósanngjarn þegar hann var gerður. Taka má sem dæmi að annar makinn fengi í sinn hlut fasteign en hinn verðbréf. Síðar kæmi í ljós að verðbréfin væru lítils sem einskis virði og að sá sem fékk fasteignina vissi um þetta en ekki sá aðilinn sem fékk verðbréfin. Þá væri líklega hægt að notast við 2. mgr. 95. gr., ásamt öðrum reglum samningalaganna⁵¹.

Í *Hrd.* 1998, bls. 4022 var þessu hins vegar öfugt farið. M og K hófu búskap árið 1968, gengu í hjónaband 1972 og stofnuðu árið 1987 útgerðarfélag í Hnífsdal. Áttu þau upphaflega hvort um sig fjórðung hlutabréfa í félaginu en árið 1992 áttu þau orðið 81. 46%. Þann 3. apríl 1995 óskuðu þau eftir skilnaði að borði og sæng. Meginágreiningur varðaði þrjá samninga um fjárslit sem aðilar gerðu með sér þann 3. apríl, 28. apríl og 19. október 1995. Voru samningarnir frá 28. apríl og 19. október viðaukar við upphaflegan samning sem gerður var á vegum M. Skyldu fasteign og bifreið koma í hlut K en M fá öll hlutabréf í hlutfélögum þeirra hjóna. Var einkum deilt um skiptingu hlutabréfanna, en virði þeirra var metið miklum mun meira þann 19. október 1995 en 3. apríl s.á. Að fengnum skilnaði krafðist K þess að fjárskiptasamningur þeirra hjóna yrði dæmdur ógildur. Í héraðsdómi var kröfu K um ógildingunni skilnaðarsamningsins hafnað og var þar miðað við lægsta verðmat bréfanna frá 3. apríl og metið að K hefði fengið í sinn hlut 43,5% af hreinni eign þeirra hjóna en M 56,5%. Taldi héraðsdómur ekki nægilega sýnt fram á að samkomulagið hafi verið bersýnilega

⁵⁰ Lára V. Júlíusdóttir: Hjúskapur, bls. 70.

⁵¹ Lára V. Júlíusdóttir: Hjúskapur, bls. 71.

ósanngjarnnt þar sem M hefði fengið í sinn hlut hlutabréf með óvissu markaðsverði. Hæstréttur komst hins vegar að annarri niðurstöðu og ógilti samninginn á grundvelli 2. mgr. 95. gr. hjskl. Í dómi hans segir:

Endanlegt samkomulag málsaðila um skipti eigna komst samkvæmt framansögðu ekki á fyrr en seinni samningsviðaukinn var gerður 19. október 1995. Verður því að miða við þann dag, þegar meta skal hvort samkomulagið sé bersýnilega ósanngjarnnt. ... Héraðsdómur miðaði við lágsta verðmat hlutabréfanna 3. apríl 1995, sem var 35.200.000. krónur, og taldi að til grundvallar dómi bæri að leggja að verðmæti þeirra hafi þá verið 27.193.000 krónur að teknu tilliti til greiðslu tekjuskatts. Samkvæmt framansögðu ber hins vegar að miða við eignir aðila eins og þær voru 19. október 1995 að frádregnum skuldum. ... Eftir mati hinna dómkvöðdu manna var verðmæti 81,46% hlutar í Bakka hf. 19. október 1995 um 50.000.000 til 59.000.000 krónum meira en matsfjárhæðin 3. apríl 1995. Svára það til þess að virði hlutafjár [K], sem falla skyldi [M] einum í skaut eftir fjárskiptasamningunum, hafi verið 25.000.000 til 29.500.000 krónum meira í október en apríl 1995. Þegar litið er til þess og annars, er áður greinir, þykir [K] hafa sýtt nægilega fram á að samkomulag um fjárskipti hjónanna sé bersýnilega ósanngjarnnt. ... Verða greindir samningar um fjárskipti aðila felldir úr gildi samkvæmt 2. mgr. 95. gr. hjúskaparlaga.

Vert er að geta þess að skilnaðarsamningar getur verið ógildur af öðrum ástæðum en vegna kröfu aðila, til dæmis ef skilnaður að borði og sæng eða lögskilnaður er felldur niður eða sannast hefur að samvistir hafi tekist að nýju eftir úgáfu leyfis til skilnaðar að borði og sæng⁵².

Varðandi lagagrundvöll ógildingar ber að athuga að málsástæður geta verið margþættar. Grundvallaratriðið er samt sem áður ójafnvægi eða misskipting, hlutrænt séð. Úrlausn um hvort um er að ræða bersýnilega ósanngjarnni fer svo eftir aðstæðum og er byggð á ýmsum sérgreindum þáttum og lagarökum⁵³.

5.2 Hvað telst bersýnilega ósanngjarnnt?

Um sanngjarnismælikvarða er að ræða, og hefur það lengstum verið sérkenni á ógildingar- og hliðrunarreglum sífjalaga að tekið sé mið af sanngjarnni. Sanngjarnismatið markast af ýmsu og úrlausnir eru mismunandi í hverju tilviki fyrir sig þar sem reglan er vísiregla. Athuga þarf hvort samningur sé óeðlilegur samanborið við væntingar og hvort maki, sem hallað er á, hafi gert sér grein fyrir efni samningsins. Kanna þarf aðdraganda samningsgerðar, hagi hjóna við samningsgerð, liðsinni við samningsgerð. Hversu flókinn samningur sé og hvernar yfirsýnar sé þörf eins og á stendur⁵⁴. Hér spila saman ýmsar reglur laganna, svo sem meginreglan um samningsfrelsi, meginreglan um helmingaskipti og reglur um sérstök frávik frá þeim⁵⁵.

⁵² Sigrún Jóhannesdóttir: Fyrirlestrar um fjármálaskipulag í hjúskap, staðfestri samvist óvígðri sambúð, bls. 154.

⁵³ Ármann Snævarr: Hjúskapar- og sambúðarréttur, bls. 855-856.

⁵⁴ Ármann Snævarr: Hjúskapar- og sambúðarréttur, bls. 546-547.

⁵⁵ Hrefna Friðriksdóttir: „Sifja- og erfðaréttur“, bls. 460.

Taka verður til skoðunar hvað hjónin varðar, að hætta er á að tilfinningatengd viðhorf grípi inn í. Hjón standa yfirleitt öðruvísi að samningsgerð sín á milli en við aðra menn. Skilin milli eignarhluta hvors um sig eru oft óskýr og eignarkenndin, sem hefur mikil áhrif á hvort menn leggja í samninga, er ekki jafn virk og raun ber vitni í öðrum tilvikum. Staðan er oft sú að annað hefur meiri reynslu á sviði viðskipta eða yfirburði yfir maka sinn í fjársýslu með öðrum hætti. Annað getur verið undir áhrifavaldi hins eða verulega háð maka sínum á ýmsan hátt. Aðstaða hjónanna til hvors annars getur valdið því að sú yfirvegund, sem að jafnaði er undanfari samninga á sviði fjármálaréttar, er ekki til staðar. Leiðir af því að hjón kunna að gera sín á milli samninga sem ekki hefðu komið til greina gagnvart öðrum⁵⁶.

Við mat á því hvað telja beri bersýnilega ósanngjarnt er miðað við efnislegt inntak samningsins, en ekki aðra ágalla eins og svik og misneytingu, þó þeir geti auðvitað haft áhrif á matið. Þó svo að tekið sé fram í ákvæðinu að leggja þurfi til grundvallar aðstæður á þeim tíma er samningur var gerður, er ekki hægt að gagnálykta á þann veg að dómstólum sé óheimilt að meta hvort samningur sé ógildur vegna breyttra forsendna. Það geta dómstólar gert skv. almennum reglum um rangar eða brostnar forsendur. Dómstólar verða samt sem áður að gæta varúðar við að beita öðrum almennari ógildingarreglum. Annað gæti leitt til verulegrar réttaróvissu og aukinna málaferla⁵⁷.

Engar leiðbeiningar er að finna í greingargerðinni með lögnum um hvað leggja beri til grundvallar við matið. Slíkar leiðbeiningar er heldur ekki að finna í greinargerð með eldri lögum nr. 60/1972, eða í lögum nr. 39/1921. Fellur það því í hlut dómstóla að móta sjónarmið sem hægt er að leggja til grundvallar þessu sanngirnismati. Vegna meginreglunnar um að hjónum sé frjálst við skilnað að skipa málum sínum með samningum, má ætla að nokkuð mikið þurfi til að koma, til að samningur verði lýstur ógildur á grundvelli 2. mgr. 95. gr. hjskl⁵⁸. Hlutfallið milli greiðslu og gjalds sem í stað kemur þarf að vera allmikið í óhag þess sem hefur uppi kröfuna um ógilding, eða að hann afsali sér rétti sem honum bar að lögum eða vegna sérstaks lagaatviks. Fara verður fram heildstætt mat og kanna verður þann þátt sem krafa lýtur að, samfellt í sambandi við skilnaðarkjör⁵⁹. Til viðmiðunar er hægt að styðjast við mat sem fengist hefði á grundvelli helmingaskiptareglunnar eða hugsanlegrar niðurstöðu í skiptarétti. Það myndi þó ekki nægja eitt og sér því skiptin gætu samt sem áður talist sanngjörn þótt ójöfn væru⁶⁰.

⁵⁶ Ármann Snævarr: Fyrirlestrar í sífjarétti III, bls. 475-476.

⁵⁷ Ármann Snævarr: Hjúskapar- og sambúðarréttur, bls. 748-749.

⁵⁸ Davíð Þór Björgvinsson: „Ógilding skilnaðarsamninga skv. 54. gr. l. 60/1972“, bls. 183-184.

⁵⁹ Ármann Snævarr: Hjúskapar- og sambúðarréttur, bls. 748.

⁶⁰ Davíð Þór Björgvinsson: „Ógilding skilnaðarsamninga skv. 54. gr. l. 60/1972“, bls. 184.

Hugtakið bersýnilega ósanngjarnt er mjög matskennt. Hér fléttast saman reglurnar um samningsfrelsi og fastmótaðar reglur um hvernig skipta eigi búi. Samningur þarf ekki sjálfkrafa að teljast ósanngjarn þótt skipting eigna sá ójöfn. Samningur myndi hins vegar aldrei teljast ósanngjarn þegar helmingaskiptaregla hjúskaparlaganna væri lögð til grundvallar við skiptin⁶¹.

Við úrlausn skv. 2. mgr. 95. gr. hjskl. þarf eins og áður segir að fara fram heildstætt mat og reynir í því sambandi bæði á hlutrænar og hugrænar viðmiðanir og viðhorf. Það er einkum þrennt sem hafa ber til hliðsjónar við matið á því hvað teljist bersýnilega ósanngjarnt. Þarf í fyrsta lagi að fara fram könnun á efni samningsins. Skoða þarf atvik og aðdaganda að samningsgerð og að lokum hagi og aðstöðu hjóna við samningsgerðina⁶². Verður þessum þáttum gerð nánari skil í næstu köflum hér á eftir.

Þar sem reynt hefur á þessa túlkun í dómaframkvæmd, er nokkuð misjafnt hvort ríkari áhersla sé lögð á aðstæður við samningsgerðina eða efni samningsins sjálfs⁶³.

5.2.1 Efni samnings

Sá aðili sem hnekkja vill samningi verður að sýna fram á að í honum felist efnisleg mismunun, t.d. með mati á verðgildi eigna. Einnig ber að taka til sérstakrar skoðunar hvort aðilar hafi stefnt að þeim málalokum sem samningur kveður á um vitandi vits eða gert sér fulla grein fyrir því að hallað væri á hlut annars maka⁶⁴.

Í *Hrd. 26. febrúar 2009 (369/2008)* voru málsatvik þau, að M og K gengu í hjúskap 22. júní 1996 og óskaði K eftir skilnaði í apríl 2006. Aðilar undirrituðu skilnaðarsamning hjá sýslumanninum í Reykjavík 19. júní 2006 og var í framhaldi gefið út leyfi til lögskilnaðar. M krafðist þess að samningur um skilnaðarkjör yrði felldur úr gildi m.a. á grundvelli þess að hann hefði verið bersýnilega ósanngjarn. Um eignaskipti var ákvæði í 6. gr. samningsins. Skipting eigna var þar tilgreind í tölum svo að skýrt var hvaða fjárhæð kom í hlut hvors aðila um sig. Var í ákvæðinu vísað til 110. gr. hjskl. að samkomulag væri um að víkja frá helmingaskiptareglu hjskl. og að M gerði sér grein fyrir þessum mun á eignarskiptum. Með undirritun væri hann að horfa til hagsmuna barna sinna. Héraðsdómur féllst ekki á kröfu M og sýknaði K. Í niðurstöðu héraðsdóms sem Hæstiréttur staðfesti með vísan til forsendna segir:

Ljóst er af gögnum málsins að stefnandi hefur borið nokkru minna úr bítum en stefnda við skiptin og að um nokkurt frávik frá helmingaskiptareglu 103. gr. hjúskaparlaga er að

⁶¹ Lára V. Júlíusdóttir: Hjúskapur, bls. 71.

⁶² Ármann Snævarr: Hjúskapar- og sambúðarréttur, bls. 848.

⁶³ Sigrún Jóhannesdóttir: Fyrirlestrar um fjármálaskipulag í hjúskap, staðfestri samvist og óvígðri sambúð, bls. 154.

⁶⁴ Ármann Snævarr: Hjúskapar- og sambúðarréttur, bls. 848.

ræða, enda er sérstakt ákvæði um það í 6. gr. samningsins, að vikið sé frá helmingaskiptareglu hjúskaparlaga á tiltekinn hátt og að stefnandi hafi gert sér grein fyrir því. Við mat á því hvort samningur vegna fjárskipta við skilnað hjóna teljist bersýnilega ósanngjarn og því unnt að fella hann úr gildi á grundvelli 2. mgr. 95. gr. hjúskaparlaga, verður þó ekki eingöngu litið til hlutlægs mælikvarða um verðmæti þess búshluta sem hvort hjóna ber úr bótum, heldur verður jafnframt að horfa til annarra atvika, svo sem aðdraganda að gerð samningsins og stöðu aðila.

M lýsti því einnig að hann hefði verið undir miklu andlegu álagi þegar samningur var gerður vegna aðdraganda skilnaðar og mikils þrýstings af hálfu stefndu. Var hins vegar ekki fallist á að sönnur hefðu verið færðar fyrir því að andlegt ástand M hafi verið með þeim hætti að hann hafi ekki gert sér grein fyrir efnisatriðum samningsins.

Sýnt hefur verið fram á að ekki dugir að leiða eingöngu í ljós að samningur feli í sér ójafnræði, þ.e. frávik frá helmingaskiptareglu. Taka verður með í reikninginn að annað hjóna getur verið tilbúið að hreyfa við kröfu um helmingshlut sinn ef það fær í staðinn tiltekna eign. Við þær aðstæður er komin sérstök ástæða fyrir misskiptingunni⁶⁵.

5.2.2 Atvik og aðdragandi að samningsgerð

Hér skipta hugræn viðhorf miklu máli. Fékk sá er krefst ógildingar nægilegt færi á að kynna sér samning og undirstöðuþætti hans og gerði hann sér grein fyrir misskiptingunni? Þegar metið er hvort nægilegt tækifæri hafi verið fyrir maka að kynna sér samning, skiptir miklu máli hvort samningur er mjög flókinn eður ei. Meta þarf hver verðmætin eru og hversu kunnugur maki er eignum og skuldum hins. Því verður að gera viðtækar kröfur til þess að maki eigi kost á að kynna sér samningsdrög⁶⁶.

Í *Hrd. 13. mars 2008 (384/2007)* voru málsatvik þau að M og K hófu sambúð árið 1998 og festu kaup á fasteign ári síðar. M var skráður eigandi 85% hlutdeildar og K 15%. Gengu þau í hjúskap í janúar 2000 og keyptu nýja fasteign í stað þeirrar fyrri árið 2004. M var þá skráður eigandi 70% hlutdeildar og K 30%. Þau slitu samvistum árið 2005 og gerðu með sér fjárskiptasamning um skiptin. Var eigninni skipt eftir þinglýstum eignarhlutföllum. K krafðist ógildingar samningsins á þeim grundvelli að hann hefði verið bersýnilega ósanngjarn, sbr. 2. mgr. 95. gr. hjskl. Ekki var sýnt fram á annað en að skráð hlutföll fyrri fasteignarinnar hefðu samrýmst fjárframlögum M og K við kaupin. K hélt því fram að sér hefði ekki verið kunnugt um helmingaskiptareglu hjskl. og áhrifin sem reglan hefði getað haf á tilkall hennar til eigna við skiptin. Hún hefði talið skipan samningsins í samræmi við lög. M kvaðst heldur ekki hafa gert sér grein fyrir reglum um helmingaskipti. Auk eftirfarandi athugasemda staðfesti

⁶⁵ Ármann Snævarr: Hjúskapar- og sambúðarréttur, bls. 848-849.

⁶⁶ Ármann Snævarr: Hjúskapar- og sambúðarréttur, bls. 849.

Hæstiréttur niðurstöðu héraðsdóms um sýknu M með vísan til forsendna.

Áfrýjandi byggir kröfu sína meðal annars á því að henni hafi ekki verið kunnug regla 103. gr. hjúskaparlaga um helmingaskipti milli hjóna við fjárskipti vegna skilnaðar þegar málsaðilar gerðu samning sinn. Ætluð vankunnátta um þetta verður ekki ein og sér talin skipta máli við mat á því hvort skilyrði 2. mgr. 95. gr. sömu laga fyrir því að fella samning um fjárskipti úr gildi séu uppfyllt.

Þótt samningurinn hefði falið í sér nokkurt frávik frá helmingaskiptareglunni þótti K, með hliðsjón af aðdraganda að gerð hans og upplýsinga um verðmæti eignarinnar, ekki hafa sýnt fram á að samningurinn hefði verið ósanngjarn á þeim tíma sem hann var gerður. Var M því sýknaður af kröfum K. Í sératkvæði eins dómara var það hins vegar talið skipta máli hvort aðilum væri kunnugt um helmingaskiptareglu hjskl. og hvort um væri að ræða frávik frá henni. Með tilliti til efnis samningsins, aðdraganda að gerð hans, hinnar röngu forsendu um gildandi fjárskiptareglur og að hjónin hefðu ekki ætlað sér að víkja frá meginreglunni um skipti var fallist á að fella samninginn úr gildi.

Var stefndu í raun hægur vandi að afla sér upplýsinga og leita sér ráðgjafar um skilnaðinn og einnig um efni fjárskiptasamningsins þegar hann lá fyrir. Ekki er heldur um nein atvik að ræða sem sýna fram á að þau hafi ekki getað gert sér nægilega grein fyrir gildi og efni samningsins. Í þessum dómi er því um að ræða mikla efnislega mismunun, en svo virðist sem það eitt og sér, sé ekki nægilegt til að fella samning úr gildi. Þarf aðstæðum við samningsgerðina einnig að vera ábótavant.

Miklu máli skiptir hvort sá sem telur á sig hallað, gerði sér grein fyrir því hvað hann var að gera. Aðstæður eru mjög svo misjafnar við samningsgerð og skiptir í því sambandi máli hvort annað hjóna eða bæði hafi haft aðstoð lögmannna við samningsgerðina og hvor aðilanna hafði betri aðgang að öllum upplýsingum um fjármálin. Þá skiptir máli hve langan tíma tók að gera samning og hvort hjóna hafði frumkvæði að efni hans. Skoða þarf alla þessa þætti sem tengjast aðdraganda og atvikum við samningsgerð gaumgæfilega og getur það haft mikil áhrif á niðurstöðuna ef hægt er að sanna að annar aðilinn hafi leynt hinn einhverju eða ekki komið heiðarlega fram⁶⁷.

5.2.3 Hagir og aðstaða hjóna við samningsgerð

Hér koma m.a. til skoðunar heilsuhagir maka, fjárhagur hans og afkomuhorfur. Taka verður tillit til fötlunar jafnt sem andlegrar heilsu. Eigi hjón börn, verður við mat á því hvort samningur sé ógildur að taka tillit til þess hver fer með forsjá barnanna⁶⁸.

Í *Hrd.* 1997, bls. 2429 voru málsatvik þau að M og K gengu í hjónaband árið 1983. Þau

⁶⁷ Lára V. Júlíusdóttir: Hjúskapur, bls. 71.

⁶⁸ Ármann Snævarr: Hjúskapar- og sambúðarréttur, bls. 849.

skildu að borði og sæng 15. mars 1994 og fjárskiptasamningur var gerður 10. mars 1994. Fékk M meðal annars í sinn hlut jörð sem þau bjuggu á og ágreiningur aðila snérist aðallega um. Í samningi þeirra M og K um skiptin var hvorki tilgreint verðmæti eigna né fjárhæð skulda. Aðilar voru sammála um að M, sem sá um fjármál heimilisins, hefði talið á þessum tíma að verðmæti eigna væri svipað og fjárhæð skulda. Jörðin var metin á u.þ.b. 6 milljónir króna, en var seld hálfu ári seinna á u.þ.b. 11 milljónir króna. K hafði verið haldin þunglyndi og dvalið á geðsjúkrahúsi í nokkrar vikur á skilnaðartímanum. Krafðist K ógildingar á skilnaðarsamningi þeirra hjóna þar sem hann væri bersýnilega ósanngjarn. Byggði hún kröfu sína bæði á ógildingarákvæði 95. gr. hjskl. og ógildingarreglum samningalaga. Hélt hún fram að sjúkdómur hennar hefði haft áhrif á hæfi hennar til að ráðstafa fjárhagslegum hagsmunum sínum. Kröfunni var hafnað í héraðsdómi en á hana fallist í Hæstarétti. Segir í dómi Hæstaréttar:

Svo sem áður er greint, var samningur aðila ófullkominn. Forsendur þær, sem miðað var við um verðmæti höfuðeignar aðila, jarðarinnar F, verður að telja hafa verið óraunhæfar, ekki síst þegar litið er til þess, að jörðin var á þessum tíma til sölu fyrir verð, sem var um 5.000.000 króna hærra. Leiddi þetta til þess, að hluti áfrýjanda í eignum búans varð minni en efni stóðu til. Þá þykir ljóst af þeim lækisfræðilegu gögnum, sem fyrir liggja í málinu, að heilsu áfrýjanda hafi verið þannig farið, að hún hafi ekki verið fær um að gæta hagsmuna sinna með eðlilegum hætti, en hún naut ekki aðstoðar við gerð samningsins. Fram er komið að jörðin seldist hálfu ári eftir lögskilnað fyrir það verð, sem upp hafði verið sett. Einnig liggur fyrir, að áfrýjandi hefur nú forsjá barna þeirra hjóna og heldur heimili fyrir þau, sem ekki var gert ráð fyrir, þegar skilnaður var ráðinn. Af því, sem að framan er rakið, þykir ljóst, að samningur aðila um fjárskipti var ekki gerður við eðlilegar aðstæður, og hallaði þar veruelga á áfrýjanda. Þá hafa forsendur samningsins breyst verulega við það, að stefnda hefur tekist að selja jörðina og heldur ekki lengur heimili fyrir börn sín og áfrýjanda. Ber af þessum átæðum að fella fjárskiptasamning aðila úr gildi.“

Má draga þá ályktun af þessum dómi að mikil áhersla sé lögð á að samningur aðila um skipti sé skýr að efni til og að fram komi afmörkun á verðmæti sem hvor aðili um sig fær í sinn hlut. Í þessu tilviki var hins vegar um mjög ófullkominn samning að ræða. Er niðurstaðan að mestu leyti byggð á mati á heilsuhögum K við samningsgerðina, auk þess sem börn aðila voru í hennar umsjá andstætt ákvæðum samningsins.

Fjárhagur getur einnig verið mjög misjafn og í mörgum tilfellum er annað hjóna námsmaður en hitt í vellaunaðri stöðu. Í *Hrd.* 1988, bls. 474 voru málsatvik þau að M og K hófu sambúð haustið 1977 og gengu í hjúskap 16. júní 1978. Lögskilnaðarleyfi var gefið út í apríl 1983 og samningur um fjárskipti undirritaður 8. febrúar 1983. K krafðist ógildingar samningsins. Í samningnum voru eignir ekki metnar til fjár, samningurinn var saminn á vegum áfrýjanda með aðstoð lögfræðings hans en ekki var sannað að K hefði notið aðstoðar lögfræðings við fjárskiptin. Samninginn fékk hún ekki í hendur fyrr en við undirskrift. Þegar

samningur var gerður, var M í vel launuðu starfi en K stundaði nám. Samningurinn var talinn bersýnilega ósanngjarn.

Er þessi dómur gott dæmi um þann mun sem getur verið á aðstöðu hjóna við samningsgerðina.

5.3 Tengsl við 36. gr. samningalaga nr. 7/1936.

Þrátt fyrir ákvæði 40. gr. sml. um að lögin taki ekki til samninga á sviði sifjaréttar hefur verið talið að hægt sé að beita almennum ógildingarreglum samningalaganna til að ógilda samninga um fjárskipti⁶⁹.

Nýju ógildingarákvæði, 36. gr., var bætt inn í samningalögin árið 1986. Kemur fram í 1. mgr. 36. gr. sml. að víkja megi samningi til hliðar í heild eða að hluta, eða breyta, ef það yrði talið ósanngjarnt eða andsætt góðri viðskiptavenju að bera hann fyrir sig. Byggir ákvæðið því á sama hátt og 2. mgr. 95. gr. hjskl. á sanngirnismati. Í 2. mgr. 36. gr. sml. segir að við mat á 1. mgr. skuli líta til efnis samnings, stöðu samningsaðilja, atvika við samningsgerðina og atvika sem síðar komu til. Er 36. gr. sml. því samkvæmt orðalagi sínu víðtækari en ógildingarregla 2. mgr. 95. gr. hjskl⁷⁰. Ef texti ákvæðanna er skoðaður virðist í fyrsta lagi, að gerðar séu strangari kröfur um ósanngirni í ákvæði hjskl. Í öðru lagi heimilar 36. gr. sml. ógildingu löggernings þótt ósanngirni megi rekja til atvika sem síðar eru til komin. Í 2. mgr. 95. gr. er hins vegar aðeins miðað við það tímamark er samningur var gerður. Í þriðja lagi eru ekki settir neinir frestir í ákvæði sml., aðrir en þeir sem leitt geta af almennum reglum um tómlæti⁷¹.

Þó að ákvæði 36. gr. sml. sé skv. orðalagi sínu víðtækara en sérregla 2. mgr. 95. gr. hjskl., ber að hafa í huga að við túlkun á samningum í sifjarétti er heldur litið til huglægra þátta en við túlkun samninga fjármunaréttarlegs eðlis. Samningum sifjaréttarins er ætlað að vera varanlegir, algengt er að annar aðili hafi betri yfirsýn yfir fjármálin, auk þess sem sálrænt álag er fylgífiskur skilnaðar.

5.4 Réttaráhrif ógildingar

Sé skilnaðarsamningur ógiltur með dómi, fellur samningurinn niður í heild sinni eða að hluta. Það er í raun ákvörðun dómsins hversu víðtæk réttaráhrifin verða af ógildingunni. Ógildingin leiðir til þess að aðilar verða eins settir og samningur hefði aldrei komist á og ferlið hefst í

⁶⁹ Davíð Þór Björgvinsson: „Ógilding skilnaðarsamninga skv. 54. gr. l. 60/1972“, bls. 186.

⁷⁰ Lára V. Júlíusdóttir: Hjúskapur, bls. 69-70.

⁷¹ Davíð Þór Björgvinsson: „Ógilding skilnaðarsamninga skv. 54. gr. l. 60/1972“, bls. 187.

raun að nýju. Verður að semja aftur um ný skilnaðarkjör eða vísa fjárskiptum í opinber skipti. Dómstólar geta ekki breytt innihaldi skilnaðarsamnings á grundvelli 2. mgr. 95. gr. hjskl⁷².

6 Niðurstaða

Að framan hefur verið gerð nokkur grein fyrir gildandi reglum um fjárskipti við skilnað og fjallað með almennum hætti um samninga um fjárskipti. Aðaláherslan var þó lögð á fimmta kafla ritgerðarinnar um ógildingarreglur slíkra samninga. Af þeirri umfjöllun er hægt að gera sér nokkra grein fyrir þeim meginviðhorfum sem dómstólar leggja til grundvallar við mat á því hvort hægt sé að fá samningi um fjárskipti hnekkt, á grundvelli bersýnilega ósanngjarnra skipta. Af dómaframkvæmd má draga þá ályktun að gerðar séu strangar kröfur fyrir því að skilyrði 2. mgr. 95. gr. hjskl. séu uppfyllt. Virðast dómstólar, almennt ekki fallast á kröfu um ógildinguna skilnaðarsamnings nema bæði sé ábótavant aðstæðum við samningsgerðina og efni samningsins. Þessi ströngu skilyrði 2. mgr. 95. gr. eru m.a. reist á því, að mikilvægt sé að ekki verði hróflað við samningum eins og þessum, nema sérstaklega standi á. Miklu varðar, að ró og festa ríki til frambúðar eftir oft mikil og stormasöm átök um fjárskiptin. Væri alls ekki forsvaranlegt að of auðvelt væri að róta upp í slíkum samningum. Það gæti leitt til nýrra átaka og þó nokkurs glundroða. Sjónarmið þessi, hafa m.a. mótað viðhorf norrænna dómstóla, sem hafa ósjaldan hafnað kröfu um ógildinguna þessara samninga⁷³. Má heldur ekki gleyma því að um er að ræða ákvæði sem felur í sér frávik frá meginreglu samningaréttarins um að samninga bera að halda. Gæti það leitt til mikillar réttaróvissu, ef ekki væru þessar ströngu kröfur, og varúðar ekki gætt við beitingu ákvæðisins.

⁷² Lára V. Júlíusdóttir: Hjúskapur, bls. 75.

⁷³ Ármann Snævarr: Hjúskapar- og sambúðarréttur, bls. 849-850.

HEIMILDASKRÁ

Alþingistíðindi

Ármann Snævarr: *Fjárskipti vegna skilnaðar og Um takmarkanir á forræði maka yfir hjúskapareign sinni vegna tillits til hins maka eða fjölskyldu í heild, sbr. einkum 19., 20. og 21., sbr. 22. gr. laga 20/1923*. Reykjavík 1969.

Ármann Snævarr: *Fyrirlestrar í sifjarétti III*. Reykjavík 1972.

Ármann Snævarr: *Hjúskapar- og sambúðarréttur*. Reykjavík 2008.

Ármann Snævarr: „Um fjármál hjóna“. *Úlfjótur*, 3.tbl. 1961, bls. 123-137.

Davíð Þór Björgvinsson: „Ógilding skilnaðarsamninga skv. 54. gr. 1. 60/1972“. *Úlfjótur*. 2. tbl. 1989, bls. 177-189.

Guðrún Erlendsdóttir: „Fjármál hjóna og sambúðarfólks“. *Tímarit lögfræðinga*, 3. hefti. 1981, bls. 118-149.

Hrefna Friðriksdóttir: „Sifja- og erfðaréttur“. *Um lög og rétt. Helstu greinar íslenskrar lögfræði*. Ritstj. Róbert R. Spanó. 2. útgáfa. Reykjavík 2009, bls. 435-512.

Lára V. Júlíusdóttir: *Hjúskapur. Stofnun og slit, réttindi og skyldur*. bráðabirgðaútgáfa til kennslu. Reykjavík 2001.

Sigrún Jóhannesdóttir: *Fyrirlestrar um fjármálaskipulag í hjúskap, staðfestri samvist og óvígðri sambúð*. bráðabirgðaútgáfa til kennslu. Reykjavík 1999.